



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 11. janúar 2021
R20120040

Borgarráð

Erindisbréf - Græna planið - starfshópur um Græn innkaup, græna, sjálfbæra og félagslega fjármögnun og önnur græn fjármál

Hjálagt erindisbréf starfshóps um Græn innkaup, græna, sjálfbæra og félagslega fjármögnun og önnur græn fjármál er lagt fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Erindisbréf starfshóps um Græn innkaup, græna, sjálfbæra og félagslega fjármögnun og önnur græn fjármál, drög

ERINDISBRÉF

Græna plan Reykjavíkurborgar

Starfshópur um Græn innkaup, græna, sjálfbæra og félagslega fjármögnun og önnur græn fjármál

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Á fundi borgarstjórnar þann 2. júní sl. var samþykkt að unnin verði langtímaáætlun um fjármál og fjárfestingu Reykjavíkurborgar, Græna planið, sem byggir á sjálfbærni og skýrri framtíðarsýn um kolefnishlutlaust borgarsamfélag í samræmi við loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar. Áætlunin verði unnin samhliða undirbúningi fjárhagsáætlunar vegna ársins 2021 og fimm ára áætlunar.

Á fundi borgarstjórnar 1. desember sl. voru drög að Græna planinu, sóknaráætlun Reykjavíkurborgar til 2030, lögð fram ásamt frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021 og fimm ára áætlun 2021-2025 til fyrri umræðu borgarstjórnar. Á meðal aðgerða Græna plansins árið 2021 er skipan starfshóps um græn innkaup, græna, sjálfbæra og félagslega fjármögnun og önnur græn fjármál.

Hlutverk og vinnufyrirkomulag:

Hlutverk hópsins er að gera tillögur að fyrirkomulagi, verkefnum og umbótum hvað varðar græn innkaup, græna, sjálfbæra og félagslega fjármögnun og önnur græn fjármál Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í eigu borgarinnar, meðal annars til að fjármagna Græna planið.

Helstu verkefni:

- Kortlagning á árangri af grænni og samfélagslegri skuldabréfaútgáfu Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur og Félagsbústaða.
- Tillögur um úrbætur og fyrirkomulag grænnar og samfélagslegrar skuldabréfaútgáfu Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í hennar eigu og tillögur um hvort og hvernig önnur fyrirtæki innan samstæðunnar og sem borgin á aðild að geti nýtt sér græna, sjálfbæra og samfélagslega skuldabréfaútgáfu til að fjármagna verkefni.
- Skoðun á möguleikum á annarri grænni fjármögnun til stórra verkefna í samhengi við áherslur stórra alþjóðlegra fjármögnunaraðila, svo sem Evrópska fjárfestingabankans og Norræna fjárfestingabankans og hvernig Reykjavík og höfuðborgarsvæðið geti lært af og nýtt sér þá þróun sem er að verða í Evrópu.
- Samantekt á því hvernig innkaupareglur eru nýttar til að grænka starfsemi í nágrannaborgum.
- Tillögur um breytingar á innkaupareglum Reykjavíkur, og fyrirtækja borgarinnar, í þeim tilgangi að grænka starfsemi og ná markmiðum Græna plansins, virkja slagkraft innkaupa til sóknar í nýsköpun, auk tillagna um samræmingu og eftirfylgni vegna innkaupamála borgarinnar og fyrirtækja í hennar eigu.



Starfshópurinn geri verk- og tímaáætlun fyrir einstaka verkefni og spretti og skipti með sér verkum.

Starfshópurinn skipa:

Halldóra Káradóttir sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs (formaður).

Fulltrúar OR, Sorpu, Strætó bs., Faxaflóahafna og Félagsbústaða.

Starfsmenn:

Starfsmenn fjármála- og áhættustýringarsviðs starfi með hópnum auk þess sem starfsmenn Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar starfi með honum eftir því sem við á og einkum þeir sem bera ábyrgð á fjármálum og innkaupum á hverjum stað.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins hjá aðilum sem hafa sérþekkingu á viðfangsefninu. Haft verði samráð við samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og fulltrúum þess boðið að taka þátt í störfum hópsins eftir því sem við á. Samráð verði einnig haft eins og við á við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Betri samgöngur ohf. og ríkið.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili tillögum vegna einstakra verkefna og spretta skv. verk- og tímaáætlun hópsins sem skila skal til ábyrgðarmanns fyrir lok janúar 2021.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson